

Þriðjudaginn 27. október 1992.

Nr. 396/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Grétari Ingvásyni.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. október 1992. Krefst hann þess, að sú ákvörðun dómsformanns í máli þessu, Péturs Guðgeirssonar héraðsdómara í Reykjavík, sama dag, „að (sækjanda gefist þess kostur) að reifa kröfu sína skriflega og leggja hana fram í þinghaldi kl. 11.55 á morgun“, verði úr gildi felld. Um kæruheimild er vísað til almennrar kæruheimildar samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. einnig 5. mgr. 128. gr. sömu laga.

Ekki eru hafðar uppi kröfur af hálfu ákærða fyrir Hæstarétti.

Í þinghaldi í héraðsdómi Reykjavíkur í máli þessu 21. október sl. gerði Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari þá kröfu af hálfu ákærvalds, að sérfróðir meðdómendur, sem dómsformaður hafði kvatt til starfa í dómnum, vikju sæti, en dómsformaður hafði tilkynnt sækjanda og verjanda málsins skipan dómsins í bréfi 22. september sl. Dómsformaðurinn beindi því til sækjandans „að rökstyðja kröfuna með bókun eða að öðrum kosti að skila skriflegri greinargerð kl. 11.55 á morgun um kröfu þessa“.

Verjandi ákærða lýsti því yfir að hann gerði ekki athugasemdir við skipan dómsins.

Bókað var eftir sækjanda, að hann krefðist þess að „fá hér og nú í þessu þinghaldi að reifa fram komna kröfu ákærvalds og rökstyðja munnlega samkvæmt fortaklausu ákvæði 1. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991, svo að ekki verði ófyrirsjáanleg töf á því, að dómsformaður taki fram komna kröfu til úrskurðar skv. 6. gr., 1. og 2. mgr., laga nr. 91/1991. Skriflegur málflutningur um þessa kröfu leiðir, að því er ætla verður, til skriflegra greinargerða beggja máladaila og andsvara þá væntanlega einnig í skriflegum málflutningi“.

Dómsformaður ákvað í framhaldi þessa að gefa ákærvaldinu kost á því að reifa kröfu sína skriflega og leggja hana fram í þinghaldi kl. 11.55 næsta dag. Af hálfu ákærvalds var því þá lýst yfir, að framangreind ákvörðun væri kærð til Hæstaréttar sem réttarneitun.

Samkvæmt f-lið 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 sætir ákvörðun dómara um skriflegan eða munnlegan málflutning ekki kæru til Hæstaréttar. Önnur ákvæði laganna, sem ákærvaldið vitnar til, haggja ekki þessu ótvíræða ákvæði. Heimild skortir því til að kæra framangreinda ákvörðun héraðsdómara, og ber að vísa kærinni frá Hæstarétti.

Átelja ber bersýnilega óheimila kæru af hálfu ákærvalds svo og endurtekin óviðeigandi ummæli í greinargerð þess til Hæstaréttar um „úrslitakosti“ héraðsdómarans.

D ó m s o r ð:

Kæru ákærvaldsins í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
